

Reglur um greiðslur fyrir nemendur sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags

1. gr.

Með vísan til ákvæða 3. og 5. greina laga um grunnskóla nr. 91/2008 eiga allir nemendur með lögheimili í Akureyrarbæ rétt á skólavist í grunnskólum bæjarins. Foreldrar geta einnig sótt um námvist fyrir grunnskólanemendur í grunnskóla utan síns lögheimilissveitarfélags.

2. gr.

Grunnskólanemendur í Akureyrarbæ sem óska eftir að stundi nám í öðru sveitarfélagi, skulu sækja um það til Skóladeildar Akureyrarbæjar á þar til gerðu eyðublaði. Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár. Að jafnaði er gert ráð fyrir að umsóknir vegna eftirfarandi aðstæðna gangi fyrir:

- Foreldrar stunda starfsnám eða háskólanám í öðru sveitarfélagi.
- Nemendur eru vistaðir í tímabundnu fóstri af barnavernd í öðru sveitarfélagi.
- Mælt er með því af sérfræðipjónustu að nemandi sæki skóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna.
- Foreldrar þurfa að flytja lögheimili sitt tímabundið (eitt ár) til Akureyrarbæjar, vegna sérstakra aðstæðna.

3. gr.

Í samræmi við 21. gr. Samþykktar um skólanefnd afgreiðir fræðslustjóri umsóknir um námsvist í öðru sveitarfélagi sbr. 2. grein og staðfesta greiðsluskyldu bæjarins vegna námsvistar nemandans. Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs.

Purfi nemandi á sérkennslu eða stuðningi að halda skal um það semja sérstaklega.

Greiðslubyrði vegna skólavistar nemanda fellur ekki á sveitarfélagið án samþykkis þess.

Forsendur afgreiðslunnar er að hún rúmist innan fjárhagsramma málaflokksins.

Afgreiðsla fræðslustjóra á umsókn um skólavist nemenda er stjórnisýsluákvörðun og getur foreldri óskað eftir endurupptöku ákvörðunar eða kært ákvörðun til æðra stjórnvalds samanber Samþykkt fyrir skólanefnd 22. og 23. grein.

4. gr.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á að innrita nemandann í viðtökuskóla og þarf viðtökuskóli/sveitarfélag að senda staðfestingu um að nemandinn hafi verið innritaður í skólann sem sótt var um.

5. gr.

Skóladeild Akureyrarbæjar getur í samráði við viðkomandi skólastjórnendur, heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í grunnskólum Akureyrarbæjar sé þess óskað, enda liggi fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.

6. gr.

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra Sveitarfélaga.

Þannig samþykktar í skólanefnd 18. maí 2009.